

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



20. október 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 162. mál á 151. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum (leyfisskylda o.fl.)

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpi þessu er það samið að tilstuðlan Hagsmunasamtaka heimilanna. Með frumvarpinu er stefnt að því að fella öll innheimtufyrirtæki undir sömu lagareglur er varða leyfisskyldu og eftirlit, óháð persónulegri stöðu endanlegra eigenda þeirra. Þannig er ætlunin að tryggja betur jafnræði og efla réttaröryggi neytenda á fjármálamarkaði.

Nýlega var frumvarp um breytingu á lögum um neytendalán vegna svokallaðra smálána samþykkt á Alþingi. Af því tilefni vilja samtökin vekja athygli á því að frumvarp þetta er mikilvægur liður í því að stemma stigu við innheimtu lána með ólögmætan kostnað, með því að fella öll innheimtufyrirtæki undir leyfisskyldu og valdsvið Fjármálaeftirlitsins.

Fram kemur í álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar á þskj. 718. í 223. máli á 150. löggj. að vinna sé í gangi í dómsmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti við að að skýra betur reglur um starfsemi löginneheimtuaðila og eftirlit með starfseminni. Meirihlutinn hvetur til að þeirri vinnu verði hraðað eins og kostur er og frumvarp verði lagt fram á vorþingi.

Af þessu tilefni benda Hagsmunasamtök heimilanna á að þau helstu atriði sem samtökin telja þurfa að skerpa á í innheimtulögum koma nú þegar fram í því frumvarpi sem hér um ræðir. Samtökin leggja því til að frumvarp þetta verði tekið sem fyrst á dagskrá Alþingis og vísað til meðferðar viðkomandi nefndar, en neytendamál falla undir allsherjar- og menntamálanefnd. Við þinglega meðferð málsins væri eðlilegt að leita eftir tillögum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem innheimtulög heyra undir, en frumvarpið nær þó ekki yfir löginneheimtu, sem fellur utan gildissviðs innheimtulaga skv. 2. másl. 2. mgr. sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Loks vísa samtökin til umsagnar þeirra um 223. mál á 150. löggjafarþingi varðandi neytendalán, þar sem var nánar fjallað um skilvirk úrræði til að koma böndum á ólögmæta lánastarfsemi.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is